

# Trú rauðra manna og hvítra.

Eftir RAUÐSTAKK.\*

**Vinur og bróðir:** Það er vilji Hins Mikla A. la að við skyldum mætast hér á þessari stundu og stað. Hann ræður öllum hlutum og hann hefir gefið bjartan og unaðslegan dag til þessarar ráðsteinsnu. Hann hefir dregið hulu sína frá sólinni og leyft henni að skila í allri sinni dýrð og ljóma. Angu okkar eru opin, svo við sjáum glöggt; heyrn okkar er óskert, svo við höfum heyrt greinilega hvert orð, sem þér hafið talað. Fyrir alt þetta þökkum vér Hinum Mikla Anda, og honum einum.

**Bróðir!** Þessi kyrkjuþings-eldur var kveiktur af yður. Það var að yðar ósk að við komum hér saman á þessari stundu. Við höfum hlýtt með athygli á það sem þér hafið sagt. Þér buðuð okkur að láta í ljósi skilning okkar. Það er okkur mjög til þóknunar, því okkur skilst að við megum standa hér frammi fyrir yður og segja afdráttarlaust það sem okkur býr í brjósti.— Við höfum öll heyrt röddu yðar og við tölum nú til yðar sem einn maður. Skilningur okkar allra er sameinaður.

**Bróðir!** Þér krefjist svars upp á ræðu yðar, áður en vér yfirgefum þenna stað. Það er ekki nema skylt og maklegt að þér fáið bón yðar uppfylta, því þér eruð langt í burt frá heimkynnum yðar, og við viljum ekki tefja yður. En fyrrst langar okkur til að líta ofurlítið til baka og segja yður hvað feður okkar hafa kent okkur, og hvað við höfum lært af hvítu fólk.

**Bróðir!** Hlýðið á hvað við höfum að segja: Sá tími var, að feður okkar áttu alt þetta land, — Peirra óðul náðu frá sólar upprás til sólarlags. — Hinn Mikli Andi hafði skapað það handa

\* Rauðstakkur (Read Coat) var fæddur árið 1752 og dó 1830. Hann var af Senecas þjóðflokk og bjó nálægt Genesa. Hið rétta nafn hans var Segoyewapha, en nafnið Rauðstakkur fókk hann með rauðri hermannatreyju er hann þáði af brezkum liðsforingja. Ræða þessi var flutt árið 1805 á samkundu hinna Sex þjóða, eftir að hr. Cram, trúboði, hafði mælt fyrir trúboðsstarfi sínu, sem hann hugðist að reka meðal þeirra. Sbr. Worlds Famous Orations.